

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Brims



Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024 í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík klukkan 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku.

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina síðastliðið ár.
- Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
- Tillaga stjórnar um greiðslu arðs.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
- Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda.
- Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
- Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin bréfum.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 15:30

TILLÖGUR

TILLAGA UM GREIÐSLU ARÐS

„Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023 verði 2,0 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 3.851 millj. kr. (um 25,6 millj. evra á lokagengi ársins 2023), eða 2,39% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2023. Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2024. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 21. mars 2024 og arðleysisdagur því 22. mars 2024.

Arðsréttindadagur er 25. mars 2024. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.“

Hluthöfum mun standa til boða að fá arðgreiðslu í evrum, sem mun byggja á ISK/EUR miðgengi Seðlabanka Íslands eins og það er tilgreint við lok dags síðasta dag fyrir arðgreiðsludag, eða 29. apríl 2024. Hluthafar sem hyggjast óska eftir arðgreiðslu í evrum skulu tilkynna félaginu það fyrir lok dags 15. apríl 2024 á þar til gert eyðublað, sem er aðgengilegt hér www.brim.is/fjarfestar/adalfundur

TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR UM STARFSKJARASTEFNU

„Stjórn félagsins leggur til óbreytta starfskjarastefnu“.

TILLAGA UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNARMANNA

„Stjórn félagsins leggur til að þóknun næsta árs til stjórnarmanna verði 370.000 kr. á mánuði, varaformaður fái einn og hálfan hlut og formaður tvöfaldan hlut.“

KOSNING ENDURSKOÐANDA

Stjórn félagsins leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið endurskoðandi félagsins.

TILLAGA UM UTANAÐKOMANDI NEFNDARMANN Í ENDURSKOÐUNARNEFND

Stjórn félagsins leggur til að Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, verði tilnefndur sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd félagsins.

TILLAGA UM AÐ STJÓRN FÁI HEIMILD TIL KAUPA Á EIGIN HLUTUM

„Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“